

Sp. 392. Tillaga til þingsályktunar [198. mál]
um hagstofnun launþega og vinnuveitenda, sáttastörf í vinnudeilum o. fl.

Flm.: Jóhannes Árnason, Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að sett verði á fót sameiginleg hagstofnun launþega og vinnuveitenda, er hafi það markmið að efla sáttastarf í vinnudeilum, sætta vinnu og fjármagn og bæta að öðru leyti samskipti launafólks og atvinnurekenda.

Skipa skal 7 manna nefnd til að semja frumvarp til laga um þessi efni. Skal frumvarpið m. a. fela í sér eftirtalin atriði:

1. Starf rikissáttasemjara verði gert að aðalstarfi og skal hagstofnun launþega og vinnuveitenda heyra undir embætti hans. Að öðru leyti verði starf ríkis-

sáttasemjara sem sjálfstæðast. Hann hafi með höndum það verkefni að stuðla að vinnufriði í landinu og starfi í nánnum tengslum við samtök launþega og vinnuveitenda.

2. Ríkissáttasemjari skal að staðaldri fylgjast með ástandi og horfum í atvinnu-málum og með þróun launa- og kjaramála. Hann hafi vakandi auga með því, ef vinnudeila er í uppsiglingu, og beiti áhrifum sínum, svo sem verða má í tæka tíð, til þess að samkomulag náist.
3. Hagstofnun launþega og vinnuveitenda skal vera aðilum vinnumarkaðarins til ráðuneytis um hagfræðileg efni við undirbúning og gerð kjarasamninga og stuðla að því að kjarasamningar á hverjum tíma færi launþegum raunverulegar kjarabætur, án þess að koma þurfi til ófriðar á vinnumarkaðnum og vaxandi verðbólgu af þeim sökum.
4. Stofnunin skal að staðaldri vinna að rannsóknum og tillögugerð um leiðir til að sætta vinnu og fjármagn, bæta samskipti launþega og vinnuveitenda í hinum ýmsu greinum atvinnulífsins og stuðla á þann hátt að meiri festu í þróun kjaramála og bættum lífskjörum alls almennings í landinu.
5. Stofnunin skal eiga náið samstarf við Þjóðhagsstofnun og skal í störfum sínum eiga aðgang að þeim skýrslum, sem Þjóðhagsstofnun semur um þróun þjóðarbúskapar og horfur í þeim efnum, þar á meðal um framleiðslu, neyslu, fjárfestingu, viðskipta- og greiðslujöfnuð, verðlag og kaupgjald, atvinnu og tekjur almennings, afkomu atvinnuveganna og fjármál hins opinbera og eiga aðild að söfnun upplýsinga um þessi efni og úrvinnslu þeirra, eftir því sem þörf krefur og nánar verður ákveðið. Enn fremur skal stofnunin eiga samstarf við aðra þá aðila, er fást við rannsóknir og meðferð kjaramála í landinu, svo sem Kjararannsóknarnefnd, eftir því sem tilefni þykir vera til.

Nefndin skili álit fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tilgangur þessarar þingsályktunartillögu er að stuðla að friðsamlegri lausn á vinnudeilum með auknu sáttastarfi og nánara samstarfi launþega og vinnuveitenda en verið hefur við undirbúning og gerð kjarasamninga með það sjónarmið í huga að koma á meiri festu í þróun kjaramála og öðrum þeim samskiptum aðila vinnumarkaðarins, er verða mætti til úrbóta í þessum efnum til lengri tíma.

Árið 1925 voru sett lög um sáttatilraunir í vinnudeilum. Árið 1938 voru þau lög felld inn í lög nr. 80 frá 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með nokkrum breytingum. Árið 1926 var sáttasemjari ríkisins fyrst skipaður. Dr. Björn Þórðarson, síðar forsætisráðherra, gegndi því starfi frá 1926 til 1942, Jónatan Hallvarðsson, síðar hæstaréttardómari, frá 1942 til 1945 og Torfi Hjartarson, fyrrv. tollstjóri, frá 1945. Allir hafa þessir sáttasemjarar notið óskoraðs trausts jafnt launamanna sem vinnuveitenda fyrir samviskusemi, þrautseigju og réttsýni.

Sáttasemjarastarfið hefur alla tíð verið aukastarf við hliðina á annasömu embætti. Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, að nú sé orðið tímabært að gera starf ríkissáttasemjara að fullu starfi. Kjaramálin eru orðin svo umfangsmikill og mikilvægur þáttur í þjóðfélaginu, að æskilegt er, að ríkissáttasemjari geti helgað sig þeim alfarið. Tillagan gerir því ráð fyrir, að starf ríkissáttasemjara verði gert að föstu starfi, aðalstarfi. Nauðsynlegt er, að sáttasemjari sé sjálfstæður og óháður embættismaður og hafi aðstöðu til þess að haga svo störfum sínum, að hann njóti fulls trúnaðar hjá báðum aðilum vinnumarkaðarins. Þarf að húa svo að starfinu, að þessum tilgangi verði náð.

Sáttasemjari þarf að starfa allt árið og fylgjast að staðaldri með ástandi atvinnumála og þróun í launamálum. Aðilar eiga að geta leitað aðstoðar hans og fyrirgreiðslu á hvaða stigi mála sem er, þótt ekki hafi slitnað upp úr samningaum-

leitunum eða vinnustöðvun verið boðuð. Eins á sáttasemjari að geta boðið fram aðstoð sína og milligöngu hvenær sem er, þótt ekki sé í hnút komið.

Samkvæmt 6. tölulið 2. gr. laga nr. 54 frá 21. maí 1974, um Þjóðhagsstofnun og breyting á lögum nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins, er gert ráð fyrir því, að meðal verkefna Þjóðhagsstofnunar sé að veita aðilum vinnumarkaðarins upplýsingar um efnahagsmál og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir, eftir því sem um semst.

Tilgangur þessarar þingsályktunartillögu er enn fremur nánari útfærsla á þessu lagaákvæði á þann veg, að í stað þess að aðilar vinnumarkaðarins, hvor í sínu lagi, fái upplýsingar um efnahagsmál frá Þjóðhagsstofnun, sem er ríkisstofnun, og vinni hvor í sínu lagi að þessum málum, þá komi sérstök stofnun eða deild, sameiginleg fyrir báða aðila, er starfi við embætti ríkissáttasemjara og undir hans stjórn sem hlutlauss aðila. Jafnframt er gert ráð fyrir nánú samstarfi við Þjóðhagsstofnun og aðra þá aðila, sem fást við rannsóknir og meðferð kjaramála í landinu, svo sem Kjararannsóknarnefnd, varðandi söfnun upplýsinga og úrvinnslu þeirra. Við undirbúning þessa máls kemur til athugunar, hvort væntanleg stofnun á vegum sáttasemjara ætti að taka við störfum kjararannsóknarnefndar.

Þessi nýja hagstofnun á að öðru leyti að vera sjálfstæð og byggð upp gagngert og sameiginlega af aðilum vinnumarkaðarins, þ. e. annars vegar samtökum vinnuveitenda og hins vegar hinum fjölmennu samtökum launafólks í landinu, sem aðilum að frjálsum samningum um kaup og kjör á vinnumarkaðnum. Með þessu móti mætti koma á mjög nánú samstarfi aðila vinnumarkaðarins sjálfra um þá hagfræðilegu og að öðru leyti sérfræðilegu starfsemi, sem er óhjákvæmilegur þáttur í undirbúningi og gerð kjarasamninga á vinnumarkaðnum í nútímaþjóðfélagi. Ef vel tekst til, ætti slíkt fyrirkomulag og samstarf, byggt á faglegum grundvelli, að geta stuðlað að gagnkvæmu trausti launþega og vinnuveitenda við lausn jafnþýðingarmikilla mála og kjarasamningar eru fyrir allan almenning í landinu, eðlilega þróun atvinnuvega landsmanna og þjóðarhag. Í þessu sambandi er grundvallaratriði að greiða fyrir gerð kjarasamninga á þann veg, að þær kjarabætur, sem um er samið á hverjum tíma, nái tilgangi sínum og komi launþegum raunverulega til góða.

Við Íslendingar höfum orðið áratuga reynslu af því fyrirkomulagi, sem gilt hefur við gerð kjarasamninga og samskipti launþega og vinnuveitenda allt frá því að núgildandi lög um þessi efni, lög nr. 80 frá 1938, tóku gildi. Öll sú saga er öðrum þræði hálfgerð raunasaga, og það er kominn tími til að menn staldri nú við og hugleiði, hvort ekki sé þörf á að taka upp ný vinnubrögð í þessum efnum í samræmi við breyttar þjóðfélagsaðstæður, þar sem meira verði byggt á þeim marghátuðu upplýsingum, sem jafnan liggja fyrir um þróun þjóðarbúskaparins og einstakra þátta hans, þjóðhagsspár o. s. frv.

Ljóst er að mikið hefur áunnist í kjaramálum og margvíslegum félagslegum réttindum launþega og alls almennings í landinu á síðustu 30—40 árum, bæði vegna samninga aðila vinnumarkaðarins og fyrir atbeina löggjafarvalds og stjórnvalda. Er slíkt eðlilegt og liður í þjóðfélagslegri þróun þessa tímabils. En það haggar ekki þeirri staðreynd, að hvað beint kaupgjald snertir hefur þetta tímabil einkennst af stöðugum víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags, oftast með visitölukerfi.

Það er ekki óeðlilegt að menn spyrji, hvað hafi áunnist á þessu tímabili, hver hafi orðið aukning kaupmáttar launa og hvaða raunverulegar kjarabætur launþegar hafi fengið í sinn hlut. Hver er árangur alls þess erfiðis og verkfallsbaráttu, sem verkalýðshreyfingin í landinu, ekki síst þeir lægst launuðu, hefur gengið í gegnum á þessu tímabili í þeirri trú að verið væri að vinna að bættum lífskjörum, og hvað hefur það kostað þjóðina?

Þessi tillaga gerir einnig ráð fyrir athugun á samskiptum aðila vinnumarkaðarins á víðari grundvelli og sem langtímamarkmið. Hún gerir ráð fyrir því, að í hagstofnun vinnuveitenda og launþega verði unnið að rannsóknum og tillögu-

gerð varðandi leiðir til að setta vinnu og fjármagn, þessa tvo meginþætti allrar verðmætasköpunar. Í þessum efnum erum við Íslendingar næsta frumbýlingar. Brýna nauðsyn ber til að taka þessi mál öll til rækilegrar skoðunar og freista þess að finna leiðir, er geti stuðlað að meiri festu í þróun kjaramála í framtíðinni.

Ýmsar leiðir hafa verið ræddar og reyndar hér á landi og annars staðar til að bæta sambúð launþega og atvinnurekenda, brúa bilið og draga úr viðsjárverðum átökum. Mörg atriði koma hér til ihugunar, svo sem samstarfsnefndir, starfsmat, ákvæðisvinna og bónuskerfi ýmiss konar og aukið atvinnulýðræði. Síðast, en ekki síst ber svo að nefna uppbyggingu atvinnuveganna í framtíðinni með beinni aðild og þátttöku launþega og alls almennings í atvinnufyrirtækjum með hlutafélagsformi, einkum þegar um er að ræða að leysa stór verkefni, svo sem meiri háttar iðnfyrirtæki og verksmiðjur með fjölmennu starfslíði. Mætti hugsa sér að fastir starfsmenn í slíkum fyrirtækjum ættu þess að jafnaði kost að eignast hlutabréf í þeim eftir ákveðnum reglum og samningum.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, að hún fjalli um eitt brýnasta verkefnið, sem leysa þarf hér á landi í dag, og megi því einskis láta ófreistað til að vinna að viðunandi lausn þess.